

Pingsályktun
um skýrslu biskups Íslands og stjórnar Þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing þakkar biskupi Íslands fyrir skýrslu um veigamikil störf hennar í þágu kirkju og þjóðar á árinu.

Kirkjuþing fagnar því að traust til þjóðkirkjunnar hefur aukist verulega samkvæmt nýlegri könnun Gallup og telur að það megi í ríkum mæli þakka því góða starfi sem fram fer í söfnuðum þjóðkirkjunnar og af hálfu biskups, sem hefur verið áberandi þátttakandi í lífi þjóðarinnar á liðnu ári.

Kirkjuþing tekur undir áherslur biskups í fræðslu-, kærleikþjónustu- og samskiptamálum og hvetur til þess að áfram verði unnið markvisst að eflingu þessara þátta í starfi kirkjunnar.

Kirkjuþing fagnar jákvæðri niðurstöðu í rekstri Þjóðkirkjunnar og tekur undir áherslur stjórnar og framkvæmdastjóra um að leggja aukið fjármagn í viðhald þeirra fasteigna sem ákveðið hefur verið að verði áfram í eigu Þjóðkirkjunnar. Áfangaskýrsla um fasteignir Þjóðkirkjunnar sýnir með skýrum hætti hver staðan er og undirstrikar mikilvægi áframhaldandi viðhalds og forgangsroðunar.

Kirkjuþing leggur jafnframt áherslu á að ákvarðanir um sölu eigna verði teknar með hliðsjón af matsskýrslu um stöðu vígðrar þjónustu, sem unnið er að og gert ráð fyrir að verði lögð fyrir kirkjuþing í mars 2026.

Kirkjuþing lýsir yfir áhyggjum sínum af stöðu sókna landsins í ljósi skerðingar á sóknargjöldum samkvæmt framlögðu fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Með hliðsjón af orðum dómsmálaráðherra í ávarpi hennar við setningu kirkjuþings í Dómkirkjunni, þar sem hún lýsti efasemdum um að breyting yrði gerð á þessum lið frumvarpsins, hvetur kirkjuþing Alþingi eindregið til að taka málið til skoðunar og leiðrétta þá skerðingu sem orðið hefur á sóknargjöldum á undanförunum árum.

Skerðingin hefur þegar haft veruleg áhrif á starfsemi og starfsmannahald safnaðanna og einnig á nauðsynlegt viðhald kirkjubygginga vítt og breytt um landið.

Samþykkt á kirkjuþingi 28. október 2025 og birt á opnum vef kirkjunnar 1. nóvember 2025.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings